

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fiskmati ríkisins er þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá ákvæðum I., II. og III. kafla reglugerðarinnar, þó ekki lengur en í eitt ár frá útgáfudegi reglugerðarinnar að telja. Ennfremur skulu ákvæði VI. kafla reglugerðarinnar ekki taka gildi að því leyti, sem þau brjóta í bága við ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um lágmarksverð ferskfisks, er gilda frá 1. janúar til 31. maí 1970, og sé þeim verðákvörðunum ekki sagt upp, til 31. desember 1970, shr. tilkynning Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1970, frá 3. febrúar 1970.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um ferskfiskeftirlit nr. 1 13. janúar 1961, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Smiðjustíg, Bergstaðastræti, Klapparstíg og Lindargötu verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. marz 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um leyfi til sildveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu.

Eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskifélags Íslands og Beitunefndar og samkvæmt reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásildar, hefur ráðuneytið ákveðið að leyfa fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, veiði sildar fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, þrátt fyrir veiðibann samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Þó er óheimilt að veiða meira en 5 þúsund smálestir sildar í þessu skyni meðan veiðibannið varir. Verður auglýst um stöðvun veiðanna, þegar leyfilegu sildarmagni hefur verið landað. Ekki þarf að sækja um sérstök leyfi til þessara veiða. Fiskmati ríkisins hefur verið falið að fylgjast með því, að sild sú sem veiðist, verði öll nýtt til niðursuðu og beitu.